

**Nr. 17-128 S 128 Ása BA*****Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2921  
Smíðaður: Moen Marine Noregi 2016, ál  
Útgerð: Fjarðarlax hf  
Stærð: 41,56 bt  
Mesta lengd: 13,38 m Skráð lengd: 13,37 m  
Breidd: 7,5 m Dýpt: 2,5 m  
Vél: John Deere, 484 kW, árg.: 2016  
Fjöldi skipverja: 3



Ása@Útgerð

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. apríl 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. nóvember 2017 var vinnuskipið Ása BA á Arnarfirði. Veður: SA 4 m/s.

Skipverjar voru að vinna við uppsetningu á kerfi til lúsatalningar á eldisfiski. Þegar það var tekið í sundur færðist það örlítið til hliðar þannig að fótur eins skipverja varð á milli.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn marðist á fæti og blæddi inn á vöðva;
- að hann var frá vinnu í tvo daga.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.